

Undanþágur frá kröfum um sóttkví fyrir skipaáhafnir

Undanþága er **veitt** frá almennum fyrirmælum um sóttkví þeirra sem ferðast hafa til skilgreindra áhættusvæða COVID-19 sýkingar til handa áhöfnum farskipa sem eru í reglulegum siglingum milli Íslands og hafna erlendis með áhöfnum sem búsettar eru hér á landi með eftirtöldum skilyrðum:

- 1) Áhafnir sem eiga sína aðalbækistöð eða eru búsettar hér á landi hafi ferðast eingöngu í atvinnuskyni og hafi meðan á ferð stóð farið í einu og öllu eftir leiðbeiningum vinnuveitanda sem líta má á sem varnarsóttkví og ekki dvalið meira en sólarhring utan skips í erlendri höfn.
- 2) Ekki sé blandað saman í áhöfn meðlimum sem eru þátttakendur í íslensku samfélagi við áhafnar meðlimi sem dvelja á áhættusvæði m.t.t. COVID-19 þegar þeir eru ekki við störf.
 - Athugið: ef **sömu einstaklingar** starfa saman í áhöfn lengur en 14 daga án þess að nýir einstaklingar bætist í hópinn, gildir undanþágan þrátt fyrir mismunandi bakgrunnsáhættu við upphaf samstarfs ef engin COVID-19 veikindi koma upp meðal áhafnar meðlima meðan á samstarfi stendur.
- 3) Áhafnar meðlimir sem útsettir eru fyrir smiti þrátt fyrir varúðarráðstafanir sem vinnuveitandi mælir með, hvort sem það er innan fjölskyldu, vinnuhóps eða í starfsumhverfi verða að virða að fullu sóttkvíartilmæli sóttvarnalæknis og falla ekki lengur undir þessi undanþáguskilyrði.

Athugið að saga um staðfestan COVID-19 sjúkdóm **hérlandis** gerir sóttkví **óþarfa** við heimkomu, óháð skilyrðum við störf erlendis. Staðfestingu á slíkri undanþágu frá sóttkví má sækja um til mottaka@landlaeknir.is.

Undanþága á **ekki** við:

- 1) Áhafnir sem eiga sína aðalbækistöð erlendis og hafa stutta viðkomu á Íslandi, s.s. við löndun, fermingu eða affermingu, áhafnaskipti eða til að taka vistir.
- 2) Ef bæst hafa við nýir áhafnar meðlimir sem dvalið hafa á áhættusvæðum innan við 14 dögum áður en komið er að landi hér.

Við þær aðstæður sem lýst er í síðustu tveimur punktum skal farið eftir leiðbeiningum vaktstöðvar siglinga Landhelgisgæslu Íslands meðan á heimsfaraldri stendur.

- 3) Ef veikindi hafa komið upp um borð innan 14 daga frá komu til Íslands eða veikindi eru um borð við komu til landsins.

Í slíkum tilvikum skal fara eftir [leiðbeiningum fyrir hafnir og skip](#).